

Tillaga að verkefni á nýjan vegvísi um rannsóknarinnviði 2025

Titill verkefnis:

Tæknikjarni lista og vísinda

Heiti stofnunar:

Listaháskóli Íslands

- Háskólinn í Reykjavík - Verkfræðideild
- Vísindagarðar HÍ

Vinsamlegast hafið eftirfarandi atriði í huga við gerð tillögunnar

Umsækjandi þarf að svara öllum liðum hér að neðan. Þar sem stendur „Texti“ er hægt að skrifa texta, setja inn myndir eða töflur.

Tillögum að innviðum á vegvísi um rannsóknarinnviði skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Ekki er leyfilegt að eiga við uppsetningu eyðublaðsins.

Skjalið „Tillaga að innviðum á vegvísi um rannsóknarinnviði“ skal að hámarki vera þrjár blaðsíður, auk forsíðu, eða samtals fjórar blaðsíður. Nota skal leturgerð og leturstærð eins og stillt er í eyðublaðinu, þ.e. 11 punkta Calibri (body). Ekki er leyfilegt að breyta breidd spássíu eða beyta fyrirsögunum í eyðublaðinu. Umsókn skal senda inn sem PDF-skjal.

Festur til að skila inn tillögum er til 12. september 2024, kl. 15.00.

Nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Innviðasjóðs](#) og hjá sérfræðingum Innviðasjóðs hjá Rannís í gegnum tölvupóstfangið innvidasjodur@rannis.is

Lýsing á tillögu til birtingar á heimasíðu Innviðasjóðs

1. Samantekt: Stutt lýsing innviðum

Tæknijarni lista og vísinda samanstendur af hreyfiföngunarkerfi, hátækni kvikmyndaveri og rauntíma-fjarsamskiptabúnaðinum LoLa. Innan hans verður tæknifólk sem aðstoðar við uppsetningu á tækjabúnaði og ráðgjöf og þjálfun starfsfólks. Nýr innviðakjarni mun gera LHÍ kleift að efla rannsóknir og stuðla að akademískri þróun þvert á deildir. Innviðakjarninn verður opinn HR í gegnum sameiginlega námsleið LHÍ og HR og mun vera vettvangur fyrir samlegð vísinda og lista. Einnig hafa Vísindagarðar HÍ lýst yfir áhuga að tengja tæknijarna lista og vísinda við djúptæknijarna HÍ. Hér má sjá sambærilega aðstöðu við School of Arts, Manchester Metropolitan University: <https://www.schoolofdigitalarts.mmu.ac.uk/facilities/>

2. Meginmarkmið með uppbyggingu innviða?

Tæknijarninn mun skapa ný og mikilvæg tækifæri í menntun og rannsóknunum þvert á listir og vísindi. Uppbygging tæknijarna lista og vísinda mun gera LHÍ kleift að efla þverfaglegt starf innan skólans sem og skapa ný tækifæri fyrir margvíslegt samstarf utan skólans. Innviðirnir nýtast meðal annars í samstarfi við nýja námsleið LHÍ og HR sem fékk styrk frá Samstarfssjóði Háskólanna. Aðstaða til að stunda rannsóknir með hreyfiskynjunarbúnaði er nauðsynleg fyrir kvikmyndir, tölvuleiki, kvikun og aðra listsköpun og nýtist við ýmsar rannsóknir í sálfræði, verkfræði, tölvunarfræði o.s.frv. Með því að nemendur beggja skóla geti nýtt aðstöðuna getum við skapað umhverfi þar sem nemendur með fjölbreyttan bakgrunn úr öllum deildum hafi möguleika á að nýta sér nýjustu tækni í sínum rannsóknum. Fjarsamskiptabúnaðurinn LoLa mun auka aðgengi og auðvelda alla fjarvinnu í rauntíma bæði innan- og utan Íslands. Meginmarkmiðið með uppbyggingu innviða er að efla samstarf milli lista og vísinda og gera LHÍ kleift að vaxa og þannig takast á við áskoranir framtíðarinnar. Við höfum ekki aðgengi að slíkum innviðum á Íslandi og eru þeir nauðsynlegur liður í að gera Ísland samkeppnishæft á alþjóðlegum vettvangi lista og vísinda.

3. Hvernig mun innviðauppbyggingin stuðla að nýliðun og leiða til aukins samstarfs og betri nýtingar innviða?

Uppbygging innviða mun efla starfsemi deilda LHÍ og gera þær samkeppnishæfar við fremstu listaháskóla á heimsvísu. Innviðirnir stuðla að nýliðun í akademískri þróun þar sem bæði nemendur og rannsakendur fá aðgengi að hátæknibúnaði sem er fjarri því sem að skólinn hefur aðgengi að í dag. Með því að veita aðgengi að innviðunum fyrir nemendur LHÍ og HR sköpum við snertiflöt lista og vísinda sem skapar verðmæt tækifæri fyrir alla hagaðila. Vísindagarðar HÍ hafa lýst yfir áhuga að tengja tæknijarna lista og vísinda við djúptæknijama HÍ sem skapar verðmæt tækifæri til samstarfs og betri nýtingar innviða. Fjarsamskiptabúnaðurinn LoLa verður settur upp í samstarfi við lykilstaði innanlands (Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaði og Höfn) sem gerir okkur kleift að sinna landsbyggðinni vel, hvort sem er í gegnum Opna LHÍ eða masterklassa innan tónlistardeildar. Einnig gefur LoLa okkur tækifæri á að efla samstörf við háskóla erlendis en t.d. er LHÍ eini skólinn í Nordplus áætluninni sem hefur ekki sett upp LoLa.

4. Hverju munu innviðirnir breyta miðað við stöðuna í dag?

Uppbygging á þessum innviðum mun gjörbreyta stöðu LHÍ og gera okkur kleift að taka risastórt skref fram á við í tæknilegri þróun sem hefur bein áhrif á kennslu og rannsóknir við skólann. Eins og staðan er í dag er ekki aðgengi að þessari tækni hér á landi og munu því innviðirnir skapa ótal tækifæri fyrir rannsakendur og nemendur innan LHÍ og HR. Eins mun þetta styrkja stöðu LHÍ á heimsvísu sem framsækinn skóla leiðandi í listum og listrannsóknum. Innviðir þessir munu efla starfsemi þvert á deildir skólans og það er vilji hjá okkur til frekara samstarfs við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Það hefur aldrei verið meiri þörf á að styrkja sameiginlegan vettvang lista og vísinda og er þessi uppbygging innviða löngu orðin tímabær.

5. Framtíðarsýn uppbyggingar og reksturs

Listaháskóli Íslands mun hafa yfirumsjón með uppbyggingu og rekstur á Innviðum. Við sjáum fyrir okkur að hýsa tæknijarna lista og vísinda. Þegar að nýtt húsnæði LHÍ verður tilbúið verður tæknijarninn staðsettur í nýbyggingu tónlistar, sviðslista og kvikmynda. Meginkostnaður felst í kaupum, uppsetningu og þjálfun starfsfólks en í framhaldinu fellur rekstur á innviðum undir LHÍ.

6. Áætluð fjármögnunarþörf næstu ár

Áætluð fjármögnunarþörf er 120 milljónir króna yfir fimm ára tímabil.